## Styrkir til þróunarstarfs skólaárið 2015 – 2016

# Síðari hluti seinni úthlutunar 2015 – 2016

Ileana Manolescu, Ágúst Ásgeirsson, S. Lilja Guðbjörnsdóttir, Hannes Hilmarsson, Erla Kristín Svavarsdóttir, Gísli Sigurþórsson, Lárus Ingólfsson og Ólafur Þórisson. Mótun stefnu um uppbyggingu í stærðfræði á fjórum línum í nýrri námskrá. Markmiðið er að móta dýpkunarpakka á öllum fjórum námslínum með sérhæfingu í huga sem leggur áherslu á virkni og ábyrgð nemenda til stúdentsprófs. Úthlutað 24 tímum.

Ileana Manolescu. Útbúa verkefni fyrir verkefnabundið nám í tvo áfanga í stærðfræði, stærðfræðigreining og línuleg algebra. Þessi áhersla á verkefni í stærðfræði er í samræmi við breytingu á áherslu á að auka virkni og ábyrgð nemenda í námi sínu. Úthlutað 40 tímum.

Sigmar Þormar. Mótun sérstaks nýs dýpkunarpakka/sérhæfingar í viðskiptagreinum við MS sem samanstendur af áföngunum fjármálalæsi, stjórnun og markaðsfræði. Markmiðið er að bjóða upp á viðskiptadýpkun sem eflir bæði fræðilegt og hagnýtt nám í MS. Úthlutað 30 tímum.

Ósa Knútsdóttir og Björg Ólínudóttir. Útfærsla á námsefni í dönsku á fyrsta námsári í samræmi við markmiðssetningu í nýrri námskrá á öðru hæfniþrepi. Til þess að þetta geti orðið er mikilvægt að þjálfa vinnubrögð nemenda með fjölbreyttum verkefnum og kenna þeim aðferðir til þess að öðlast leikni í að nýta kunnáttu sína á sem fjölbreyttastan hátt. Einnig að skipuleggja valáfanga í dönsku sem fellur undir dýpkunarpakkann/sérhæfinguna erlend tungumál. Úthlutað 40 tímum fyrir 1. námsár og 10 tímum fyrir valgrein.

# Seinni úthlutun 2015-2016

Guðrún Benedikta Elíasdóttir kennari í myndlist og leirmótun. Mótun nýs áfanga í myndlist I sem ætlaður er nemendum í kjarna í nýrri námskrá. Mótun verkefna sem byggjast á vettvangsferðum á listasöfn og kynningar á íslenskum myndlistarmönnum fyrir bekkinn. Auka áherslu á jafningjamat og sjálfsmat nemenda fyrir nemendakynningar. Aðlögun valáfanga í leirmótun og myndlist II að þessum áherslum. Úthlutað 25 tímum.

Hafsteinn Óskarsson, Kristbjörg Ágústsdóttir og Melkorka Matthíasdóttir kennarar í umhverfisfræði, jarðfræði og landafræði. Mótun 15 feininga dýpkunarpakka í samþættu námi í umhverfisfræði, jarðfræði og landafræði. Markmiðið er að nemendur verði meðvitaðir um þverfagleg tengsl og mikilvægi þessarar greina í umhverfismálum og verði fær um gagnrýna hugsun varðandi umhverfismál og geti sýnt ábyrgð í umgengni sína við náttúruna. Úthlutað 45 tímum.

Einar Rafn Þórhallsons, kennari í myndbandagerð. Mótun nýrrar námsáætlunar í myndbandagerð fyrir nýja skólanámskrá með hliðsjón af reynslunni í vetur, nýjum áherslum, nýju húsnæði, þekkingu kennara í öðrum skólum og kvikmyndagerðarfólks. Úthlutað 30 tímum.

Dóra K. Sigurðardóttir og Ólafur Þórisson hagfræðikennarar. Sótt um styrk til að móta dýpkunarpakka í hagfræði fyrir nemendur á félagsfræðabraut og til að laga kennsluna í einstökum áföngum í hagfræði að kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda í námi sínu. Úthlutað 75 tímum.

Jón Egill Unndórsson og Rúnar Þorvaldsson eðlisfræðikennarar. Sótt er um framhaldsstyrk til að halda áfram að vinna að hönnun og gerð verkefnablaða í eðlisfræði sem taka tillit til getu nemenda. Verkefnið er í þeim anda að nám byggist á þátttöku og vinnu nemenda. Úthlutað 40 tímum.

## Fyrri úthlutun 2015-2016

Dóra K. Sigurðardóttir, fagstjóri í hagfræði. Virkni og þátttaka nemenda í eigin námi.
Þróun nýrra fjölbreyttra aðferða í verkefnavinnu og námsmati í dýpkunarpakka í hagfræði með áherslu á frumkvæði, samvinnu og sköpun nemenda þar sem reynir á hæfni nemenda sem aftur byggir á þekkingu þeirra og leikni. Úthlutað 30 tímum.

Jóna G. Torfadóttir fagstjóri í íslensku, Dagur Hjartarson, Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, Rannveig Hulda Ólafsdóttir, Sigurrós Erlingsdóttir og Steinunn Egilsdóttir íslenskukennarar. Aðlögun náms í íslensku á fyrsta námsári að nýrri námskrá. Stefnumótunarvinna við aðlögun á námslýsingu, kennslu og námsmarkmiðum í fyrsta bekk að nýrri námskrá og vinna við breytingar á kennsluháttum með áherslu á fjölbreytt verkefni sem virkja nemendur til ábyrgðar á eigin námi og stuðla að nemendalýðræði. Úthlutað 104 tímum.

Jóna G. Torfadóttir fagstjóri í íslensku, Dagur Hjartarson, Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, Rannveig Hulda Ólafsdóttir, Sigurrós Erlingsdóttir og Steinunn Egilsdóttir íslenskukennarar. Innleiðing vendináms í íslenskukennslu. Vinna við stefnumótun og samhæfingu við innleiðingu vendináms í íslenskukennslu sem gerir námið nemendamiðaðra með það að markmiði að gera nemendur virkari og sjálfstæðari í námi sínu. Úthlutað 60 tímum.

Melkorka Matthíasdóttir, fagstjóri í jarðfræði og Hafsteinn Óskarsson jarðfræðikennari. Þróun fyrsta áfanga í jarðfræði á náttúrufræðibraut. Kennsluáætlun, verkefnabanki og útfærsla á námsmati þróuð fyrir fyrsta jarðfræðiáfangann þar sem virkni og ábyrgð nemandans verður í forgrunni. Úthlutað 30 tímum.

Hafsteinn Óskarsson, Kristbjörg Ágústsdóttir og Melkorka Matthíasdóttir kennarar í umhverfisfræði. Þróun nýs áfanga í umhverfisfræði í almennum kjarna á félagsfræða- og náttúrufræðibraut. Þróun kennsluáætlunar, innihalds, verkefnabanka og útfærslu á námsmati þar sem virkni og ábyrgð nemandans verður í forgrunni. Úthlutað 60 tímum.

Þóra Víkingsdóttir, fagstjóri í líffræði, Erla Hrönn Geirsdóttir og Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir líffræðikennarar. Endurskipulagning líffræðináms í þriggja ára kerfi. Annars vegar er vinna við endurskipulagningu alls líffræðináms og gera námið merkingarbærara fyrir nemandann með því að tvinna saman undirgreinar líffræðinnar og horfa þannig á ákveðinn efnisþátt út frá mörgum sjónarhornum. Hins vegar er vinna við þróun kennsluhátta í líffræði á fyrsta námsári náttúrufræðibrautar með áherslu á fjölbreytt vinnulag og námsmat t.d. samvinnunám, rökræður og þverfaglegt samstarf til að efla sjálfstæði og hæfni nemenda. Úthlutað 70 tímum.

Brynhildur Einarsdóttir, fagstjóri í sögu, Brynja Dís Valsdóttir og Lóa S. Krisjánsdóttir sögukennarar. Að móta og útfæra nýjan áfanga í sögu í almennum kjarna á félagsfræða- og náttúrufræðibraut. Áhersla verður bæði á einstaklingsmiðað nám og hópavinnu í verkefnavinnu þar sem nemendur leita víða fanga og tengir nám við ytra umhverfi okkar. Úthlutað 60 tímum.

Hannes Hilmarsson, Erla Kristín Svavarsdóttir og Ólafur Þórisson stærðfræðikennarar. Samning á námslýsingu og námsefni í 1. áfanga í stærðfræði félagsfræðabrautar með áherslu á verkefnamiðað nám. Úthlutað 30 tímum.

Ólafur þórisson og Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir stærðfræðikennarar. Þróun námsefnis fyrir tölfræðiáfanga í stærðfræði fyrir nemendur á fyrsta námsári félagsfræðabrautar með dýpkun í hagfræði og stærðfræði. Markmiðið er að stuðla að verkefnamiðuðu námi byggt á hópavinnu og sjálfstæðum verkefnum með áherslu á að nemendur kynni afurðir verkefnavinnu sinnar. Stefnt að þverfaglegu samstarfi milli rekstrarhagfræði og stærðfræði. Úthlutað 40 tímum.

Gísli Þór Sigurþórsson og S. Lilja Guðbjörnsdóttir stærðfræðikennarar. Þróun námsefnis og verkefna í fyrstu tveimur áföngum stærðfræði á fyrsta námsári náttúrufræðibrautar. Áhersla á verkefnamiðað nám byggt á jafningjafræðslu og hópavinnu með það að markmiði að styrkja færni nemenda til að skilja mikilvægi stærðfræðinnar í daglegu lífi og í að nota aðferðir stærðfræðinnar til að leysa flókin verkefni bæði ein og í samvinnu. Úthlutað 60 tímum.

Rúnar S. Þorvaldsson fagstjóri í eðlisfræði og Jón Egill Unndórsson eðlisfræðikennari. Hönnun og gerð verkefnablaða í eðlisfræði sem taka tillit til getu nemenda. Markmiðið er að stuðla að markvissri þjálfun við að leysa verkefni og stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og efla sjálfsöryggi hvers nemanda við að leysa verkefni innan eðlisfræðinnar. Úthlutað 40 tímum.

Dagur Hjartarson og Kristbjörg Ágústsdóttir félagsmálafulltrúar. Gerð gæðahandbókar fyrir félagsstörf Skólafélags MS með lýsingum og verkferlum á öllu því sem snýr að starfi félagsmálafulltrúa MS. Úthlutað 30 tímum.